

Ed.

374. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 35 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar á allmörgum fundum og borið það saman við gildandi lög. Telur nefndin, að allmargar breytingar, er frv. gerir ráð fyrir, að gerðar verði á framfærslulögum, séu nauðsynlegar, sérstaklega eins og nú horfir við um atvinnu- og afkomumöguleika í landinu. Er nefndin öll því meðmælt, að frv. verði samþykkt. Nokkrar breytingar leggur nefndin þó til, að gerðar verði á frv., en fullt samkomulag hefir samt ekki náðst innan nefndarinnar um, hverju beri að breyta og hvernig. Er nefndin því skipt um breytingartillögurnar, sem koma fram á sérstöku þingskjali. Öll nefndin stendur að 3. og 4. breytingartillögu og a-lið 9. tillögu. Að öðrum breytingum á þingskjalinu standa ýmist einn eða tveir nefndarmenn, og mun nánari grein verða gerð fyrir þeim undir umræðum í deildinni.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.